

Árt - 7.b Upplýsinga-og tæknimennt

Kennarar: Guðrún Bára Gunnarsdóttir

7

Markmið með þessari lotu er að:

Vinna samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla í upplýsinga- og tæknimennt.

Námsgögn sem við notum:

Notaðar verða tölvur og spjaldtölvur við vinnuna í upplýsinga- og tæknimennt.

Í tengslum við verkefnavinnu og markmið tengjum við námsvefi og forrit sem hæfa efninu hverju sinni og tengjast þeim markmiðum sem verið er að vinna með.

Nemendur læra m.a.:

- word - ritvinnsla
- powerpoint - glærugerð
- excel - töflureiknir
- publisher - umbrotsforrit
- fingrasetningu
- tölvupóst
- google leitarvél
- google - drive, docs, slides

Í spjaldtölvum læra nemendur m.a. að nota:

- box island og scratchjr - forritun.
- osmo - forritun
- stop motion - hreyfimyndagerð
- book creator - bókagerð

Kennsluhættir í lotunni:

Nemendur vinna eftir fjölbreyttum kennsluaðferðum í upplýsinga- og tæknimennt. Má þar helst nefna:

- leiðsagnarnám
- beina kennslu
- heimildavinnu
- sjálfstæða vinnu
- samvinnu

- paravinnu

Námsmat:

Unnið samkvæmt leiðsagnarnámi og stuðst við leiðsagnarmat í kennslustundum og endurgjöf gefin jafnóðum í verkefnavinnu.

Nemendur metnir út frá hæfniviðmiðum við lok skólaárs.

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum.
- Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.
- Beitt réttri fingrasetningu.
- Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá.
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt.

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Tækni og búnaður

- Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna.

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Sköpun og miðlun

- Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Siðferði og öryggismál

- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu.
- Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk

- Nýtt hugbúnað/forrit við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum.